

Ungmennasambandið Úlfljótur

80. ársþing



Haldið í Pakkhúsinu á Höfn

15.apríl 2013

Dagskrá 80. ársþings USÚ

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta.
4. Kosning þingritara.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað, þ.á.m. kjörnefnd er gerir tillögur um stjórn og aðra trúnaðarmenn er starfa milli ársþinga.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar.
10. Ávörp gesta.
11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
13. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
14. Önnur mál.
15. Kosning. Álit kjörnefndar.
 - a. Kosning tveggja skoðunarmanna.
 - b. Kosning fulltrúa á Íþróttþing (ÍSí þing).
16. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
17. Þingslit.

Stjórn USÚ 2012

Matthildur Ásmundardóttir, formaður

Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

form. Ásgrímur Ingólfsson

- Badmintondeild
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuboltadeild
- Skíðadeild
- Sunddeild

Ungmennafélagið Máni

form. Sveinn Rúnar Ragnarsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

form. Bryndís Hólmarsdóttir

Golfklúbbur Hornafjarðar

form. Gísli Páll Björnsson

Ungmennafélag Öræfinga

form. Sigrún Sigurgeirsdóttir

Akstursíþróttafélag A-Skaft.

form. Jón Sölvi Ólafsson

Skotfélag A-Skaft.

form. Ingólfur G. Einarsson

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2012

Starfsemi ungmennasambandsins hefur verið nokkuð viðburðarík á árinu. Stjórnin var endurkjörin á síðasta þingi sem haldið var á Þórbergssetri. Stjórnin hefur fundað reglulega. Formaður sótti vorfund UMFÍ á Selfossi þar sem unnið var í stefnumótun UMFÍ, íþróttasvæði Selfyssinga skoðað ásamt fleiru. Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Klaustri í haust og fóru formaður og gjaldkeri á þann fund.

USÚ hefur tekið þátt í verkefninu Fjölskyldan á fjallið og í maí var „gengið á fjallið“ en farið var með gestabók í Haukafell. Ketillaugarfjall er einnig gönguleið í þessu verkefni. Stefnt er að því að bæta við tveimur gönguleiðum í þetta verkefni en það er gönguleiðin fyrir Horn og Almannaskarð. USÚ og Ferðafélagið hafa staðið saman að því að merkja þessar tvær gönguleiðir en vonandi klárast það verkefni nú í vor og hægt verður að setja skiltin upp með kortum og gestabókum. Í þinggögnunum er hægt að skoða afrakstur vinnunnar.

Íþróttamaður ársins 2011 var Sveinbjörg Zophoníasdóttir en afhendingin fór fram á Humarhátíðinni. Hvatningarverðlaunin hlutu Felix Þór Gíslason fyrir góðan árangur í blaki og María Selma Haseta fyrir góðan árangur í knattspyrnu. Það er okkur sönn ánægja að fylgjast með ungu og efnilegu íþróttafólki og er nauðsynlegt að styðja við bakið á þeim til áframhaldandi árangurs.

Hornfirðingar fjölmenntu á unglíngalandsmótið um verslunarmannahelgina sem var haldið á Selfossi en keppendur voru um 30 fyrir hönd USÚ. Aðstaðan á Selfossi var til fyrirmyndar og keppnin gekk vel. Aðsóknin sló öll met en þátttakendur voru um 2000. Við hlökkum mikið til að halda unglíngalandsmótið nú í sumar og ætlum við að leggja það fyrir þingið að USÚ greiði keppnisgjöld þátttakenda þetta árið.

USÚ var mótshaldari á einu stærsta frjálsíþróttamótinu á árinu eða meistaramóti Íslands 15-22 ára. Mótið var heilmikil áskorun fyrir okkur því á mótinu er m.a. keppt í sleggjukasti og stangarstökki en aldrei hefur verið í keppt í þessum greinum á Höfn áður. Zophonías Torfason tók að sér að halda utan um íþróttakeppnina. Mótið var haldið 2. helgina í ágúst sem var mjög óheppilegur tími. Margir voru að heiman þessa helgi og var erfitt að manna mótið með sjálfboðaliðum. Það er þó óhætt að segja að mótið gekk mjög vel, almenn ánægja var á meðal keppenda og þjálfara og sjálfboðaliðarnir stóðu sig mjög vel og keppendur USÚ stóðu sig með þryði. Mótið var fín æfing fyrir okkur sem mótshaldara fyrir unglíngalandsmótið í sumar.

USÚ hélt upp á 80 ára afmælið 30. september í Mánagarði. Skipuð var undirbúningsnefnd um vorið sem tók að sér að skipuleggja veisluhöldin. Afmælið hófst á ýmsum leikjum fyrir fjölskylduna sem lukkuðust mjög vel. Síðan var boðið upp á kaffiveitingar. Um 100 manns tóku þátt í veisluhöldum. Viljum við þakka þeim sem tóku þátt í skipulagningu á afmælinu. Hægt er að skoða myndir frá afmælinu á fésbókar síðu USÚ og vil ég hvetja fólk til að kíkja á síðuna og líka við hana svo við fáum fleiri fylgjendur. USÚ hefur einnig endurvakið heimasíðu

USÚ www.usu.is. Síðan er í vinnslu hægt og rólega og verið er að setja inn upplýsingar og ýmis gögn. Sigurður Óskar hefur haldið utan um vinnu við heimasíðuna. Síðan mun vonandi eflast og dafna með tímanum en stjórnin hefur ákveðið að í haust verður farið í að skrá niður öll frjálsíþróttamet USÚ og verða þau vistuð á heimasíðunni.

Í haust hófst undirbúningsvinna að unglíngalandsmóttinu af fullum þunga.

Landsmótsnefndina skipa stjórn USÚ; Matthildur, Sigurður Óskar og Ólöf Þórhalla, Ásgrímur Ingólfsson, Jóhanna Íris, Hjalti Þór, Arna Ósk, Sigrún Kapitola, Guðrún Ingólfsdóttir, Valdemar og Ómar Bragi fyrir hönd UMFÍ. Landsmótsnefndin hefur reynt að hittast mánaðarlega. Búið er að fá sérgreinarstjóra í allar keppnisgreinar og framkvæmdir ganga vel. Næstu skref eru að auglýsa eftir sjálfboðaliðum, ráða verkefnastjóra og klára að safna styrktaraðilum fyrir mótið.

Í lokin langar mig að minna á Fræðslu og verkefnasjóð hjá UMFÍ en þar er hægt að sækja um styrki til ýmissa verkefna. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári og hvet ég ykkur til að kynna ykkur hann.

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu 2012 að úthluta einu sinni á ári úr sjóðnum en breytingar á reglunum voru samþykktar á síðasta þingi. Þessar breytingar voru gerðar til að auka tekjumöguleika sjóðsins þar sem innlánsvextir er með lágsta móti og reglurnar kveða á um að ekki megi ganga á höfuðstólinn. Með þessu móti eru möguleikar á hærri vöxtum.

Noregsfarar í knattspyrnudeild Sindra fengu styrk að þessu sinni.

Ársreikningur USÚ 2012

	2012	2011
Rekstrartekjur		
Lottó	3.715.997	3.046.718
Styrkir	286.465	225.086 1)
Styrkur vegna ULM	1.600.000	
Meistaramót Íslands 15-22 ára	507.000	2)
Innborgað v. iðkendagjalds FRÍ	56.000	
Treyjur	191.600	
Rekstrartekjur alls	6.357.062	3.271.804
<i>Að frádrögnum styrk vegna ULM</i>	<i>4.757.062</i>	
Rekstrargjöld		
Lottó til aðildarféлага	2.882.518	2.033.945
Auglýsingar og heimasíða	19.460	10.787
Verðlaun	17.800	28.800
Ferða- og fundakostnaður	218.441	139.035
Skrifstofa	0	100.000
Styrkir	156.870	725.086 3)
Meistaramót Íslands 15-22 ára	620.506	
Annar mótakostnaður	50.000	
Treyjur	242.241	
Annað	15.387	8.695
Rekstrargjöld alls	4.223.223	3.046.348
Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	2.133.839	225.456
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	19.102	5.376
Fjármagnstekjuskattur	-3.820	-1.074
Fjármagnsliðir alls	15.282	4.302
Hagnaður/Tap	2.149.121	229.758
<i>Að frádrögnum styrk vegna ULM</i>	<i>533.839</i>	

Efnahagsreikningur 31.12.2012

Eignir		
Bankainnistæður	5.528.677	3.379.556
Afrekssjóður	5.386.557	5.360.375
Eignir alls	10.915.234	8.739.931

Skuldir		
Ógreitt til aðildarféлага v. áramót	1.223.526	1.204.502
Ógreitt lottó til ASK	71.358	4)
Ógreiddir reikningar	401.367	50.000 5)
Skuldir alls	1.696.251	1.254.502

Inneign hjá FRÍ	403.688	6)
-----------------	---------	----

Skuldir og eigið fé 31.12.2012	9.622.671	7.485.429
--------------------------------	-----------	-----------

- 1) Getraunir og vegna merkingar göngustígs.
- 2) Gisting og matur keppenda og þjálfara.
- 3) Tippstofan og Sindraskráin.
- 4) ASK skilaði ekki starfskýrslu á árinu.
- 5) Áhöld fyrir MÍ, 337.367 og þjónustugjald FRÍ, 64.000.
- 6) Ógreidd skráningargjöld frá MÍ 15-22 ára. Þau liggja hjá FRÍ.

Sigurður Óskar Jónsson

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir

Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.

Halldóra K. Guðmundsdóttir

Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2012

	2012	2011
Rekstrartekjur		
Lottó	0	20.145
Rekstrartekjur alls	0	20.145
Rekstrargjöld		
Styrkir	115.100	230.000
Rekstrargjöld alls	115.100	230.000
Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-115.100	-209.855
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	176.602	143.731
Fjármagnstekjuskattur	-35.320	-28.746
Fjármagnsliðir alls	141.282	114.985
Hagnaður/Tap	26.182	-94.870
Efnahagsreikningur 31.12.2012		
Eignir		
Afrekssjóður	5.386.557	5.360.375
Eignir alls	5.386.557	5.360.375

Sigurður Óskar Jónsson

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir

Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.

Halldóra K. Guðmundsdóttir

Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Tillaga frá stjórn USÚ:

80. ársþing Ungmennasambandsins Úlfjóts, haldið í Pakkhúsinu á Höfn í Hornafirði 15. apríl 2013 samþykkir að mögulegum arði af unglíngalandsmóti 2013 verði skipt á eftirfarandi hátt: USÚ 20%, félög sem koma að mótshaldi 60% og 20% fari í styrktar- og afrekssjóð.

Tillaga frá stjórn USÚ:

80. ársþing Ungmennasambandsins Úlfjóts, haldið í Pakkhúsinu á Höfn í Hornafirði 15. apríl 2013 samþykkir að fela stjórn USÚ að sækja um að halda Landsmót UMFÍ 50+ árið 2015.

Tillaga frá stjórn USÚ:

80. ársþing Ungmennasambandsins Úlfjóts, haldið í Pakkhúsinu á Höfn í Hornafirði 15. apríl 2013 samþykkir að USÚ greiði þátttökugjald keppenda USÚ á Unglíngalandsmóti 2013.

Aðalfundur UMF Sindra 2012

Árið 2012 var viðburðarríkt hjá Sindra líkt og árin á undan. Við í aðalstjórninni reynum eins og sannir íþróttamenn sífellt að bæta okkur en svo er það annar að dæma hvernig til hefur tekist.

Strax eftir áramót var farið í það að klára samning við Skinney/Pinganes um styrk til næstu 4 ára og í byrjun febrúar skrifuðum við undir samning sem færir félaginu 13 miljónir til og með 2015.

Eftir aðalfund í mars voru stefnur félagsins gefnar út eins og ákveðið var á fundinum. Hinsvegar mættum við kannski vera duglegri að halda þeim á lofti og verður það kannski eitt af markmiðum okkar fyrir þetta ár. Haldin var vorfundur með formönnum deilda eins og stefnt var að á vormánuðum. Þar var farið yfir starf vetrarins og sumarstarfið sem var framundan, almennt var fólk sátt en auðvita er það alltaf svo er hægt að bæta sig.

Sumarið gekk vel og rúturnar þeyttust landshornanna á milli en þó verður að segjast að það er engin afslöppun hjá rúturnum á veturna, þær eru á ferðinni nánast um hverja einustu helgi. Aðalstjórn ákvað að taka hluta af styrk Skinney/Pinganes á hverju ári til að búa í haginn fyrir hugsamlegum skiptum á bílum.

Íformi var á sínum stað og var þátttakan ágæt þó svo að maður vildi sjá fleiri keppendur koma að, Hornfirðingar eru og hafa verið duglegir að mætta og verður vonandi svo áfram.

Síðasta haust varð smá pirringur út af stundatöflu í íþróttahúsi þar sem skaranir hjá aldurshópum og deildum urðu full miklar, en okkur til varnar er rétta að benda á að gervigrasið var ekki nothæfi og knattspyrnan varð að komast af með sparkvöllinn. Að sjálfsögðu leggjum við okkur fram við að gera stundartöfluna sem besta fyrir alla og ég er viss um að framkvæmdastjórinn er þegar farinn að velta fyrir sér hvernig hægt er að hafa hana næsta vetur.

Í desember var Báran tekin í notkun og eru væntingar um það að sú mikla bæting á aðstöðu sem varð með tilkomu hennar verð til að efla en freka íþróttarstarf á félagssvæði Sindra.

Þó svo að starf ungmannafélaga snúist ekki um tækin og tólin heldur fólkið sem í því er þá gerir öll aðstöðubæting starfið auðveldara og skemmtilegra og verður til þess að krakkarnir okkur verða í fremstu röðum íþróttamanna landsins.

Að lokum vil ég þakka framkvæmdastjóra, stjórnnum og þjálfurum fyrir gott samstarf á liðnu ári, síðast en ekki síst vil ég þakka iðkendum fyrir árið og óska þeim til hamingju með árangurinn á árinu 2012

Ásgrímur Ingólfsson

formaður UMF Sindra

Starfsskýrsla Ungmennasambands Örfæinga

Oddur Gunnarsson fór sem fulltrúi félagsins á USÚ þingið.

Starfsemi Ungmennafélagsins fór rólega af stað. Ákveðið var að halda Sveitabarnamót í júní og var það gert í samstarfi Ungmennafélagsins, Kirkjukór Hofskirkju og Brottfluttra Örfæinga (sem höfðu gert lista yfir þá sem höfðu verið í sveit sem börn í Örfæfum). Í tilefni þjóðhátíðardagsins voru hátíðahöld við Hálsatorfugarð í Svínafelli, en þau fóru fram milli kl. 15 og 17 þann 16.júní í stað þess 17. að beiðni þeirra þátttakenda sem komu frá Höfuðborgarsvæðinu. Sigrún setti samkomuna og síðan var gengið upp að minningarreit um látna félag þar sem Hafdís Roysdóttir fræddi gesti um tilurð minningarreitsins. Ármann dreifði karamellum yfir barnahópinn við góðar undirtektir og síðan stýrðu Halla Tinna Arnardóttir og Anna Guðrún Aradóttir leikjum. Sláturfélag Suðurlands styrkti samkomuna með því að gefa pylsur í tilefni dagsins og var boðið upp á grillaðar pylsur. Gunnþóra Gunnarsdóttir og Inga Ingimundar buðu upp á kaffi og heimabakaðar Kleinur. – Góð mæting var á samkomuna, þátttaka góð og almenn ánægja með það sem var í boði, en veðrið hefði mátt vera betra! Það slapp þó til, var nokkurn vegin alveg þurrt. Klukkan 20 þann 16. júní var samkoma í Hofgarði í umsjá Brottfluttra Örfæinga. Þar stigu fulltrúar sveitabarna úr hverju bæjarfélagi á svið og rifjuðu upp skemmtilegar minningar, inn á milli voru söngatriði, gamlar myndir voru sýndar á tjaldi í næsta sal og að lokum var stigin dans við undirleik hljómsveitarinnar Eyglóar, Þorsteins Jakobssonar og Einars Jónssonar. Þegar þeir hættu að spila tók við almennur söngur og gítarleikur í salnum.

Á sunnudeginum, 17.júní, var athöfn í kirkjunni þar sem Sigrún meðhjálpari las fróðleik um Hofskirkju, Ari Magnússon fyrrum kirkjuvörður sagði frá ýmsu sem tengdist kirkjunni á fyrri tímum, Sigurgeir Jónsson organisti sagði frá tilurð Örfæingakórsins og Sigurbjörg Runólfsdóttir lýsti uppvaxtarárum sínum í Sandfelli, hinum kirkjustaðnum í Örfæfum. Síðan flutti Örfæingakórinn nokkur ættjarðarlög.

Öll dagskráin, 16.-17.júní var afar vel heppnuð og gaman að félögin skyldu sameina krafta sína með þessum hætti.

Göngudagur var laugardaginn 1. desember. Lagt var af stað kl. 14:00 frá brúnni við Skaftafellsá og gengið um landið framan við Skaftafellsjökul, vestan Skaftafellsár. Megin tilgangurinn með göngunni var að koma blóðinu aðeins á hreyfingu svona í skammdeginu þegar maður hefur gjarnan tilhneigingu til að hreyfa sig alltof lítið. Ekki sakar að hitta sveitungana aðeins og spjalla um daginn og veginn. Veðrið var gott og þátttakendur ánægðir með framtakið.

Jólatrésskemmtun var haldin í Hofgarði þriðja dag jóla, 27. desember og hófst hún kl. 20:00. Hólmfríður Guðlaugsdóttir og Hafdís Roysdóttir önnuðust skipulag og framkvæmd og tókst þetta vel, að vonum.

Skýrsla stjórnar ASK

Árið byrjaði ágætlega og var hjólað vel á brautinni í sumar. Viðhaldið á brautinni var í lágmarki vegna peningaleysis. Það gekk vel hjá okkar mönnum, þeim Jóni og Róberti í sumar(sjá fylgiskjal).

5. nóvember 2012 var aðalfundur félagsins og var skipað í nýja stjórn:

- Formaður: Jón Sölvi Ólafsson
- Gjaldkeri: Arnar Þór Ragnarsson
- Ritari: Jón Finnsson
- Meðstjórnandi: Sævar Knútur Hannesson
- Meðstjórnandi: Pálmi Gunnarsson

Það gekk vel að fá inn nýja félagsmeðlimi og 40 manns skráðu sig í félagið á árinu 2012 .

Farið var strax í að semja við Sveitafélagið Hornafjörð um áframhaldandi samninga. Sótt var um styrk fyrir uppbygginu á svæðinu fyrir landsmót 2013.

10 ára framtíðarsamningur var gerður við Sveitafélagið og styrkur næstu 4 ár uppá 7,5 milljónir .

Vinna fór á fullt og stendur enn yfir.

F.h. ASK

Jón Sölvi Ólafsson

Skýrsla stjórnar hestamannafélagsins Hornfirðings 29.des 2012.

Fljótlega eftir aðalfund var hafist handa við að ljúka við samning við sveitarfélagið varðandi sölu reiðhalla. Fundað var stíft og skrifað var undir samning Sumardaginn fyrsta. Þetta er tímamótasamningur þ.e að önnur hestamannafélög líta til okkar varðandi þetta rekstrarform einnig er þetta viðurkenning á því að reiðhallir eða skemmur eru íþróttahús. Í vinnslu er nýtingarsamningur vegna reiðhalla sem er á svipuðum nótum og samningur Sindra vegna íþróttahússins á Höfn. Í nóvember var farið aftur af stað með verklega vinnu í reiðhöllinni og voru menn almennt tilbúinir að leggja á sig þá vinnu að gera reiðhöllina tilbúna til notkunar, gólfið var jafnað, týnt var stærsta grjótið út gólfinu, keyrt í gólfið sléttað og valtað steyppt var undir battana, battar smíðaðir og málað, þann 22. desember reis upp sá gleðidagur að reiðhöllin var opnuð til notkunar.

Víst er leiðin að þessum degi búin að vera löng og ströng og kostað svita, tár og svefnlausar nætur og langt frá því að húsið sé fullbúið, en þegar horft er til baka þá er minningin um samstöðu og gleði þegar unnið var í húsinu.

Endalausir notkunarmöguleikar eru í húsinu og nú er það okkar félagsmanna að búa til viðburði og fá til okkar kennara til að kenna okkur að nota húsið.

Haldnir voru 3 vetrarleikar á árinu og firmakeppi auk árlegs félagsmóts sem einnig var úttaka fyrir landsmót. Sú nýbreytini var höfð á vetrarleikum að stigakeppni var í gangi. Hvert það býli eða hesthús sem sendi hest og knapa í keppni og náði ákveðnum árangri fékk stig og í lokin voru veittar viðurkenningar fyrir stigahæsta húsið/býlið, stigahæsta knapann og stigahæsta hestinn. Var þetta skemmtileg viðbót við vetrarleika og um leið hvatning um að taka þátt í leikunum. Hornfirðingur átti 2 keppendur í ungmennaflokki á landsmóti og tvo í a flokki og tvo í b flokki. Einnig átti Hornfirðingur einn keppanda á íslandsmóti yngri flokka. Það er áhyggjuefni að ekki var hægt að senda keppendur í yngri flokkum á landsmót en með bættri aðstöðu stendur allt vonandi til bóta

Útreiðanefnd hefur sannarlega staðið undir nafni og margar ferðir farnar meðal annars ferð úta Mýrar og ferð úti í september fékk Hornfirðingur einni milljón króna úr reiðvegasjóði, leggja á veg frá Friðsæld að Bergá, unnið hefur verið í því að fá framkvæmdaleyfi á þann veg.

Í september var einnig haldið reiðnámskeið, var farið í það verk svona af von og óvon þar sem að skólarnir voru byrjaðir, í stuttu máli var aðsóknin mjög góð, hefði í raun verið hægt að halda annað námskeið strax. Farin var sú leið að fá hestaleiguna í Árnanesi til samstarfs varðandi hesta, reiðtygi og aðstöðu, leiðbeinindur voru Ásmundur Ásmundsson, Þorbjörg Gunnarsdóttir og Bryndís Hólmarsdóttir og gáfu þau öll vinnu sína. Alls tóku 24 nemendur þátt á aldrinum 7 til 13 ára. Skipt var í þrjá hópa eftir aldri og getu, mjög vel heppnað námskeið að sögn þátttakenda.

Skýrsla stjórnar 2012

Ágætu félagar og gestir.

Starfsemi klúbbsins var með hefðbundnum hætti árið 2012.

Félagar í klúbbum eru 79. Stjórnarfundir voru 4. Aðalfundur var haldinn 23. Janúar og mættu 15 félagar.

Framkvæmdir og viðburðir 2012

Æfingaflöt var stækkuð og gerðar 9. holur og æfingasvæði kílræst.

Vatnsdælur fyrir vökvunarkerfi voru fengnar hjá bænum og settar upp í kjallara skálans.

Settir voru niður vatnsúðarar við allar flatir og lagt að þeim.

Lagt inn erindi vegna malbiks á garðinn.

Brautarsláttuvél var keypt frá USA. Vélin er árgerð 2006, keyrð 1644 tíma, erum vonandi að fá þarna góða vél á góðu verði en vélin kostaði um 2,8 milljónir króna.

Þá voru flatir tappagataðar og sandaðar.

Fyrir liggur að huga þarf að endurbótum á skálanum og er brýnasta verkefnið að skipta um þakjárn en einnig þarf að huga að gluggum og hurðum sem blæs meðfram.

Boltavél og tína voru formlega afhentar á sumardaginn fyrsta 18. apríl, það var Aðalsteinn Ingólfsson sem gerði það fyrir hönd Skinneyjar Þinganes sem gaf klúbbum vélina.

Golfdagur var ekki haldinn að þessu sinni.

Golfkennsla barna og unglunga var í höndum Óla Kristjáns og Guðmundar Borgars þriðjudaga og fimmtudaga og var góð þátttaka. Vallarstarfsmaður var Óli K. Benediktsson og var hann á launum hjá sveitarfélaginu eins og undanfarin sumur.

Andrea Ásgrímsdóttir var með golfkennslu í byrjun júní og var aðsókn var góð og ánægja með kennsluna.

Styrksamningur við Skinney Þinganes var gerður á árinu og er að upphæð 150 þús. kr. á ári til 5 ára.

Styrkur til 3ja ára að upphæð 120 þúsund kr. við Sparisjóðinn var endurnýjaður og undirritaður 29. nóvember 2012.

Einnig var endurnýjaður samningur við Vís að upphæð kr. 80 þúsund og afslátt af tryggingu. En Gísli er búinn að athuga með framlengingu við N1 og KPMG. Ekki er búið að endurnýja samninga við Nettó og LÍ.

Fjárhagsstaða klúbbsins er góð, klúbburinn er skuldlaus og hagnaður ársins var kr. 4.3 milljónir var fyrra 5.5 en sá munur skýrist af rekstri mannvirkja og tækja sem var um 500 þús. kr. hærri en 2011 og afskriftum eigna sem voru einnig um 500 þús. kr. hærri en þá.

Mót voru 4, Olísmót með 14 (texasmót) , Húmarhátíðarmót með 41 þátttakendur, Jöklamót með 21 þátttakendur, Landsbankamót með 30 þátttakendur, Sparisjóðsmót með 18 þátttakendur svo og Nettó miðvikudagsmótaröð, Jónsmessumót með 18 þátttakendur þar á meðal tvö lið frá Rúv. Þar sem þau voru að gera mannlífþáttinn sem var um bryggjusæðið ofl., Meistaramót GHH , í Formi, 2 texas mót , Kjötsúpumót og Áramótastemning GHH.

Sveitakeppni Austurlands var haldin á Egilsstöðum um í lok ágúst og fór sveit héðan og lenti í 3. sæti.

Klúbburinn var með samning við Golfklúbbinn Kjöl í Mosfellsbæ eins og undanfarin sumur.

Að endingu óskum við ykkur góðs og gleðilegs golfsumars og þökkum ykkur fyrir komuna.

Hornafirði, 22. janúar 2013

Stjórn GHH.

Starfsemi Ungmennafélagsins Mána milli aðalfunda 2011 og 2012

USÚ hélt þing sitt á Þórbergssetri á Hala í Suðursveit þann 29. mars. Máni mætti þar með fimm fulltrúa en átti reyndar rétt á sex. Ástæðan var fyrst og fremst sú að endanleg fulltrúatala lá ekki fyrir á aðalfundi.

Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur að vanda og tóku um 70 manns þátt. Mánamenn sameinuðust í bíla og óku að Bjarnaneskirkju. Þaðan var gengið fram hjá Miðskeri eftir veginum út í Skógey. Þegar komið var yfir brúna yfir Hoffellsá var snúið við og sama leið gengin til baka. Þá var ekið í Mánagarð á ný, farið í leiki og grillaðar pylsur. Veðrið var líka algjörlega til fyrirmyndar þennan dag.

Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar lék fyrir dansi í Mánagarði 7. júlí. Alls mættu um 200 manns og fór skemmtunin mjög vel fram. Öllum þeim sem komu að því að koma dansleiknum á eru hér með færðar innilegar þakkir.

Frjálsípróttamót Mána var haldið 2. september. Í ljósi þess að framkvæmdir voru á Mánavelli um sumarið og alls ekki nógu vel gengið frá eftir þær var nauðsynlegt að halda mótið á íþróttavellinum á Höfn. Þar er auðvitað miklu betri aðstaða til flestra íþrótta. Það blés þó óþarflega byrlega í mótsbyrjun. Það lægði þó nokkuð þegar á mótið leið en alls kepptu 45 keppendur á mótinu. Það er óhætt að segja að þeir hafi verið á öllum aldri því þeir yngstu voru rétt um þriggja ára en sá elsti 63 ára. Mótið gekk þó ekki alveg þrautalaust fyrir sig því þegar það var rúmlega hálfnað var flautaður á knattspyrnuleikur á vellinum. Dagskránni var hliðrað nokkuð til að koma til móts við Vestmannaeyinga sem þurftu að komast í Herjólf og dróst mótið því aðeins. Töluvert mætti af sjálfboðaliðum sem fyrr, enda ekki hægt að halda svona mót án þeirra. Sérstaklega skal þó þakkað Örnú Ósk Harðardóttur sem var kynnis á mótinu og Ingólfi Baldvinsyni sem sá um ræsibúnað og tímatöku að nokkru leyti. Öll úrslit á mótinu er að finna í mótaforriti Frjálsíþróttasambands Íslands á www.fri.is. Þess ber þó að geta að keppt var í flokkum 13 ára og eldri á mótinu, en í forritinu eru úrslitin skráð eftir aldursflokkum. Það er gert til þess að árangur hvers og eins skráist rétt miðað við rétta þyngd á kastáhöldum.

Jólatréð sem Kiwanisklúbburinn Ós seldi okkur var sett upp við kirkjugarðinn við Laxá 9. desember síðastliðinn, en því miður var engin dagskrá í kringum það.

Vísir, málgagn U.M.F. Mána kom út rétt fyrir jól og var að mestu svipað blaðinu frá árinu áður. Upplagið var sem áður 150 eintök og var þeim dreift inn á öll heimili í Nesjum.

Vetrargangan, sem er óðum að festa sig í sessi, var gengin 30. desember. Þrátt fyrir að lognið hafi flýtt sér töluvert, mættu á annan tug vaskra Mánamanna. Vegna veðuraðstæðna var ákveðið að breyta um gönguleið á seinustu stundu. Gengið var frá Mánagarði að Meðalfelli, í kringum og það og til baka í Mánagarð aftur. Meðalfellið og Ketilaugarfjallið skýldu göngumönnum að mestu, sem fóru ánægðir heim, búnir að brenna jólasteikinni og tilbúnir að takast á við áramótasteikina.

Þrettándagleði Mánamanna var aldrei þessu vant haldin á réttum degi þetta árið. Það var þó eftir á að hyggja sennilega ekkert svakalega gáfulegt, því það rigndi bæði hundum og köttum allan daginn. Öll þessi rigning og sú staðreynd að heldur lítið var í olíutunnunni gerði það að verkum að megnið af brennuefninu brann ekki og er raunar ennþá á brennustæðinu. Björgunarfélag Hornafjarðar hélt þó glæsilega flugeldasýningu að því tilefni og er óhætt að segja að það sé fyrsta stóra björgunarafrek félagsins á árinu 2013.

13. mars s.l. fékk Máni veglegan styrk frá skóla-, íþrótt- og tómstundanevnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar, sem á að hjálpa til við að standa straum af kostnaði við viðburði þessa árs og úrbóta á Mánavelli. Sigurður Ragnarsson mætti til að veita honum viðtöku.

Sigurður Óskar Jónsson, formaður U.M.F. Mána.

Stjórn Ungmennafélagsins Mána eftir aðalfund 26. mars 2012

Sveinn Rúnar Ragnarsson, Hæðagarði 20, formaður,
Egill Eiríksson, Seljavöllum, gjaldkeri,
Sigurður Ragnarsson, Akurnesi, ritari,
Halldór Einarsson, Þinganesi, meðstjórnandi,
Sigurður Óskar Jónsson, Stapa, meðstjórnandi.

Björn Ármann Jónsson, Stapa, varamaður,
Hannes Halldórsson, Þinganesi, varamaður,
Reynir Ásgeirsson, Seljavöllum, varamaður.

Birgir Freyr Ragnarsson, vallarstjóri.

Skoðunarmenn reikninga:
Grétar Már Þorkelsson,
Valgerður Egilsdóttir.